

## Fundargerð

<b>Fundarefni:</b>	2. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
<b>Dags.:</b>	27. maí 2014 kl. 19.30
<b>Fundarmenn:</b>	Guðni Björnsson, Sigurður Grétarsson, Erlingur Snær Erlingsson og Stanislaw Bukowski
<b>Fjarverandi:</b>	Hólmfríður Einarsdóttir, Kristín Stefánsdóttir, Íris Lena Leósdóttir og Karl Einarsson
<b>Ritað af:</b>	Guðni Björnsson

### 1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.30

### 2. Fundargerð.

Fundargerð Aðalfundar og fundargerð 1. fundar FFÁ bornar undir fundinn og samþykktar.

### 3. Bekkjarfulltrúavalið

Ákveðið að skipta stjórnarfólki niður á skólastigin til að senda út bréf til fráfarandi bekkjarfulltrúa um að setja vinnu af stað til að kjósa nýja fulltrúa fyrir haustið. Guðni tók að sér að hafa samband við verðandi foreldra fyrstu bekkinga. Stefnt að því að hafa málin tilbúin 1. viku skólastarfs í haust.

### 4. Foreldrarölt - röltfulltrúi FFÁ

Ákveðið að velja röltfulltrúana á 1. fundi stjórnar í haust en hann/hún annast um að setja upp vaktaplan fyrir bekkina. Allar upplýsingar um röltið verði síðan aðgengilegar á heimasíðunni.

### 5. Vorhátíðin 4. júní

FFÁ leggur til 4 foreldra á vaktir með grillum í hádeginu á miðvikudaginn. FFÁ greiðir leigu á loftköstulum sem dreift er á skólalóðina Digranesi.

### 6. Útskrift 10. bekkinga

Foreldrafélagið sá um eina fjáröflun fyrir nemendur í 10. bekk í vor sem tókst ágætlega. FFÁ leggur ferðinni lið með styrkveitingu en ferðinni er heitið á Suðurlandið og dvelst hópurinn á Stokkseyri en umsjónakennarar sjá um fararstjórn.

### 7. Önnur mál.

- Varamaður stjórnar FFÁ í Skólaráði var valinn Guðni Björnsson, formaður.
- FFÁ sér um innkaup á skólavörum fyrir 1. bekk í haust en þar býðst foreldrum að kaupa ódýrari pakka með öllum skólavörum. Karl Einarsson gjaldkeri er byrjaður að undirbúa bókaverslanir. Pakkinn verður afhentur á skólasetningardegi 22. ágúst.
- Ákveðið að setja upp Facebook lokaða síðu fyrir stjórn FFÁ og aðra opna síðu fyrir alla foreldra Álfhólsskóla. Guðni og Erlingur Snær fara strax í málið.
- Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 19. ágúst kl. 18.00.

### 8. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 20.45